

## SAMÞYKKT

### um kattahald í þéttbýli í Rangárþingi ytra.

#### 1. gr.

Kattahald í þéttbýli í Rangárþingi ytra sætir þeim takmörkunum sem greinir í samþykkt þessari.

#### 2. gr.

Eigendum katta ber að sækja um leyfi vegna kattahalds og að láta skrá ketti sína á skrifstofu Rangárþings ytra. Alla ketti skal merkja með ól um hálsinn, eða á annan sambærilegan hátt, þar sem fram koma upplýsingar um skráningarnúmer kattar og símanúmer eiganda. Ennfremur skal eigandi eða umráðamaður kattar láta auðkenna hann varanlega með húðflúri í eyra eða örmerki í samræmi við 4. ml. 3. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 1077/2004 um aðbúnað og umhirðu gæludýra og dýrahald í atvinnuskyni. Eigandi greiðir allan kostnað vegna skráningar og merkingar kattar síns.

#### 3. gr.

Um kattahald í fjöleignarhúsum fer samkvæmt 41. gr. laga nr. 26/1994 um fjöleignarhús.

#### 4. gr.

Eigendum katta er skylt að gæta þess að kettir þeirra valdi ekki tjóni, hættu, óþægindum, óþrifum eða raski ró manna. Kattareigendum ber að greiða allt það tjón sem kettir þeirra valda og ber að greiða allan kostnað við að fjarlægja ketti sem eru á flækingi inni á lóðum eða þar sem þeir eiga ekki að vera, gerist þess þörf.

#### 5. gr.

Eigendum og forráðamönnum katta ber að taka tillit til fuglalífs, t.d. með því að hengja bjöllu á þá og eftir atvikum að takmarka útiveru þeirra. Foreldrar eru ábyrgir fyrir köttum ólögráða barna sinna.

#### 6. gr.

Ketti skal ormahreinsa og bólusetja reglulega skv. leiðbeiningum dýralækna. Skylt er að ormahreinsa alla ketti fjögurra mánaða og eldri. Eigendur katta skulu halda til haga vottorðum um reglulega ormahreinsun katta.

#### 7. gr.

Ekki má hleypa köttum inn í svæði þau, fyrirtæki og stofnanir, sem um ræðir í fylgiskjali 3 í reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti og inn á staði þar sem framleiðsla og dreifing matvæla fer fram.

#### 8. gr.

Ef köttur hverfur frá heimili sínu skal eigandi eða umráðamaður gera ráðstafanir til að finna hann. Starfsmönnum Rangárþings ytra eða aðilum á þeirra vegum, er heimilt í umboði heilbrigðisnefndar, að handsama ketti. Hafi kattar ekki verið vitjað innan einnar viku skal honum ráðstafað til nýs ábyrgs eiganda eða hann aflifaður. Eigandi kattarins greiðir allan

kostnað vegna aðgerða þessara. Sveitarstjórn skal gera ráðstafanir til útrýmingar á villi-  
köttum. Slíkar aðgerðir skulu auglýstar á áberandi hátt með a.m.k. einnar viku fyrirvara.

9. gr.

Heilbrigðisnefnd Suðurlands fer með eftirlit með framkvæmd samþykktar þessarar.

10. gr.

Með brot út af samþykkt þessari skal fara að hætti laga um meðferð opinberra mála og að  
öðru leyti í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með  
síðari breytingum.

11. gr.

Samþykkt þessi sem samin er og samþykkt af sveitarstjórn Rangárbings ytra, staðfestist  
hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til þess að  
öðlast gildi við birtingu.

*Ákvæði til bráðabirgða.*

Frestur til að uppfylla ákvæði 2. gr. samþykktarinnar er gefinn til 1. ágúst 2005.

*Umhverfisstjórnuneytinu, 13. júní 2005.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

---

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*